

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 ÞÓRSHÖFN

Garðabær, 25. apríl 2023
Málsnúmer: 202304-0015
SS

Efni: Umsögn um tvær skipulagslýsingar í Langanesbyggð.

Vísað er í tölvubréf frá Langanesbyggð, dags. 11. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tvær skipulagslýsingar. Annars vegar vegna heildarendurskoðunar á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar og breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar, og hins vegar vegna nýs deiliskipulags fyrir veiðihús í landi Tungusels ásamt tengdri aðalskipulagsbreytingu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingarnar tvær. Ekki er gerð athugasemd við skipulagslýsingu vegna hafnarsvæðis Þórshafnar, en bent á að mikilvægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif af væntanlegum landfyllingum, en ekki er skýrt í lýsingunni hvar þær gætu verið staðsettar.

Varðandi deiliskipulag fyrir veiðihús í landi Tungusels gerir Náttúrufræðistofnun ekki heldur athugasemdir enda ekki um umfangsmikla uppbyggingu að ræða þó ekki liggi fyrir endanlegt áformað byggingarmagn. Huga þarf vel að því að valda sem minnstu raski á gróðurfari og einkum að hlífa votlendi sem töluvert er um á svæðinu. Notast ætti við þá slóða sem fyrir eru sem aðkomuvegi. Svæðið er óbyggt og lítt raskað og mikilvægt að áætluð uppbygging falli vel inn í landslag. Lítið er vitað um fuglalíf svæðisins en einhver fælingaráhrif eru líkleg til að verða af aukinni umferð á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnu.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

